



Reykjavíkurborg
Íþrótt- og tólmstundasvið

Málsnr.: R17040141
Skjalasafn Ráðhúss
29. jan. 2018
Bréfalykill: 352

Reykjavík, 29. janúar 2018
2016050005
3.6

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Skautahöllin í Laugardal

Á fundi borgarráðs 27. apríl 2017 var samþykktur nýr samningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR vegna reksturs Skautahallarinnar í Laugardal.

Við nánari yfirferð á fyrri samningum og uppgjöri milli ÍBR og SEA er nauðsynlegt að gera smávægilegar breytingar á fyrri samstarfssamningi.

Hjálagt fylgja ný drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og ÍBR um rekstur Skautahallarinnar frá 1. janúar 2018 til 5 ára.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fjárhagsáætlun ÍTR í ár vegna samningsins en fjárhagsáætlun vegna æfingastyrkja mun hækka frá og með 2019.

Þá mun SEA yfirtaka og verða eigandi af þeim hluta Skautahallarinnar sem ÍBR fjármagnaði á sínum tíma. ÍTR mun því greiða innri leigu af öllu mannvirkinu frá og með 2018 og þarf að gera breytingar á fjárhagsáætlun 2018 vegna þessa.

Samningurinn hefur verið kynntur fyrir íþrótt- og tólmstundaráði í dag sem mælir með því að hann verði samþykktur.


Omar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

SAMNINGUR

Borgarstjórnin í Reykjavík f.h. borgarsjóðs annars vegar og Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hins vegar gera með sér svofelldan samning.

1. gr.

ÍBR sér um allan rekstur Skautahallarinnar í Laugardal og þeirra mannvirkja sem svellinu tengjast samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

Til að hafa yfirumsjón með rekstri Skautahallarinnar og framgangi samnings þessa skal skipuð fimm manna rekstrarstjórn og þrír til vara.

Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af ÍBR, þar af formaður, einn fulltrúi frá ÍTR og tveir fulltrúar skautafélaganna sem nýta Skautahöllina.

2. gr.

ÍBR annast alla þjónustu við almenning, æfingar og mót. Samráð verði á milli ÍBR og ÍTR um niðurröðun opnunartíma fyrir almenning, leikja, móta og æfinga. Tímanlega fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil skal liggja fyrir áætlun um mót, æfingar og leiki í Skautahöllinni.

Úthlutun tíma fyrir æfingar og mót skal gerð af ÍBR sem mun annast greiðslu á kostnaði vegna styrkhæfra tíma sbr. 7. gr. samnings þessa.

3. gr.

Starfsmenn Skautahallarinnar skulu ráðnir af ÍBR og er þeir starfsmenn ÍBR og tekur ÍBR að sér allan kostnað vegna starfsmannahalds.

4. gr.

ÍBR greiðir rekstrarkostnað vegna Skautahallarinnar, svo sem rafmagn og hita, rekstrarvörur. ÍBR skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna og notenda svellsins og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón svellsins og annarra mannvirkja.

5. gr.

ÍBR skuldbindur sig til að fylgjast með því að þau mannvirki sem samningur þessi nær til við fái almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Samráð skal haft við Umhverfis- og skipulagssvið og Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar varðandi áætlanir um viðhald og endurbætur Skautahallarinnar.

Við upphaf samnings þessa skal gerð heildarúttekt á ástandi mannvirkisins.

ÍBR skal taka að sér tilfallandi viðhald þannig að byggingarhlutar úreldist ekki umfram það sem eðlilegt er. Til slíks eðlilegs viðhalds telst endurmálun úti og inni, minniháttar viðgerðir á gólfefnum og að önnur yfirborðsmeðhöndlun, viðgerðir á brotum eða skemmdum og viðhald hreinlætistækja.

Umhverfis- og skipulagssvið skal árlega ásamt fulltrúa ÍBR taka út ástand mannvirkja og gera áætlun um tilfallandi eðlilegt viðhald samkv. ofanskráðu og gera tillögur um meiriháttar viðhald eða endurbætur ef þörf krefur sem Reykjavíkurborg greiðir. Skulu tillögur þessar lagðar fyrir borgaryfirvöld.

ÍTR greiðir innri leigu til skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar.

6. gr.

Æfingaleiga, húsaleigutekjur, auglýsingatekjur, veitingasölutekjur og aðrar tekjur af svellinu renna til ÍBR f.h. Skautahallarinnar.

7. gr.

Styrkur Reykjavíkurborgar vegna afnota fyrir íþróttæfingar og mót í Skautahöllinni skal vera 45.2 m.kr. árið 2018 og tímafjöldi 2.380 klst. á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl. Frá árinu 2019 verður styrkur á verðlagi ársins 2018 50,2 m.kr. fyrir 2.666 klst. frá 1. ágúst - 31. maí. ÍBR annast þessar greiðslur til Skautahallarinnar í samræmi við reglur ÍBR og ÍTR um styrki til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum. Kostnaður vegna RIG er innifalinn í þessum greiðslum. Tíma utan þess tímabils sem tilgreint er í þessari grein og umfram skilgreinds tímafjölda getur ÍBR leigt til annarra aðila.

Fjárveiting Reykjavíkurborgar er háð samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

8. gr.

Ef stjórnvöld breyta á einhvern hátt núverandi rekstrarfyrirkomulagi íþróttafélaga og sambanda er ÍBR heimilt að óska eftir endurskoðun samnings þessa.

9. gr.

ÍBR mun skila sérstökum ársreikningi vegna reksturs Skautahallarinnar.

Ársreikningurinn verður lagður fyrir stjórn Skautahallarinnar og ÍBR til samþykktar og skal vera aðgengilegur fyrir yfirvöld Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Komi upp svo andstæð sjónarmið varðandi þann rekstur sem samningur þessi tekur til er Reykjavíkurborg heimilt að segja samningnum upp með sex mánaða fyrirvara.

11. gr.

Aðilar eru sammála um að tveimur árum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjun samningsins eða samningslok og skal ákvörðun liggja fyrir ári fyrir samningslok.

12. gr.

Samningur þessi er til 5 ára frá og með 1. janúar 2018. Með samningi þessum falla úr gildi samningar um Skautahöllina frá 25. mars 1997 og 30. september 1997.

13. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

2018.

F.h. Íþróttá- og tómstundaráðs.

F.h. ÍBR

Fylgiskjöl

Samkomulag um uppgjör lána vegna byggingar Skautahallarinnar í Laugardal.

Drög að áætlun um framkvæmdir og viðhaldsáætlun til 5 ára.

Stundatafla til viðmiðunar.

Samþykkt í borgarráði

2018

Viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir í Skautahöllinni í Laugardal									
Viðhaldsverkefni	Varðar	Aðgerð	For-gangur	Áætlaður kostnaður 2018	Áætlaður kostnaður 2019	Áætlaður kostnaður 2020	Áætlaður kostnaður 2021	Áætlaður kostnaður 2022	Athugasemdir
Gólfúkur orðinn afar lélegur í gamla húsi (endurgerð).	Klefar og þjónusturými	Skipta um dúk.	Lokið						
Gólfúkur í hokkíklefum er orðinn lélegur (endurgerð).	Klefar og þjónusturými	Skipta um dúk.	3	5.000.000					
Gólfúkur þarf að endurnýja í anddyri (endurgerð).	Klefar og þjónusturými	Skipta um dúk.	16		8.000.000				
Gólfvottavél (endurgerð).	Klefar og þjónusturými	Kaupa nýja vél.	1	1.500.000					
Bekkir í þjónusturými (endurgerð)	Klefar og þjónusturými	Skipta þarf um bekkir í þjónusturými sem eru orðnir lélegir.	4	1.200.000					Bekkir eru lélegir og erfitt að þrifa. Heilbrigðiseftirlit gerir athugasemdir við þetta með eftirfarandi hætti: „Ítrekun, lagfærist eins fljótt og kostur er.“
Þaðklefar í gamla húsi (endurgerð).	Klefar og þjónusturými	Í þaðklefum eru flísar orðnar mjög ljótar og erfitt er að þrifa þær. Þyrfti að endurnýja eða setja epoxýefni yfir.	Lokið						Lokið

Sturtur í gamla húsi.	Klefar og þjónusturými	Sturtur virka ekki vel. Fara þarf yfir laðgnir og kerfi.	Lokið							
Nýr inngangur, endurhönnun og endurnýjun þjónusturýmis (endurgerð að hluta og nýtt að hluta).	Klefar og þjónusturými	Færa inngang til suðurs. Breyta skipulagi umferðar um anddyri. Fríska upp á rými þar sem almenningur fær þjónustu.	2	1.500.000	45.000.000	25.000.000				þarf að útfæra og kostnaðaráætla. Kostnaður við það 2018.
Aðgengi fatlaðra (nýtt).	Klefar og þjónusturými	Bæta þarf aðgengi fatlaðra inn í húsið og upp í áhorfendastæði.	5	100.000	1.500.000					þarf að útfæra og kostnaðaráætla. Hluti af 2.
Parkett í fundarsal/félagsaðstöðu ónýtt (endurgerð).	Félagsaðstaða	Parkett í sal er farið að hreyfast og er talið ónýtt.	9	400.000						
Geymslurými við enda stúku sunnan megin (nýtt).	Félagsaðstaða	Byggja yfir bil milli stúku og veggjar sunnan megin til að útbúa meira geymslurými fyrir búnað í þurru og hlýju lofti.	8	250.000						
Geymslur fyrir æfingabúnað vestan megin (nýtt).	Félagsaðstaða	Útbúa geymslur.	7	250.000						
þurrklefi (nýtt).	Klefar og þjónusturými	þörf á þurrkunarklefa fyrir hokkibúnað.	25						17.000.000	

Þreksalur (nýtt)	Félags- aðstaða	Þörf á þreksal til styrktaræfinga.	27				17.000.000		
Upphitunarsalur (nýtt)	Félags- aðstaða	Þörf á upphitunarsal vegna alþjóðlegra krafna gagnvart mótahaldi sem og afissæfinga.	26				17.000.000		
Skotæfingasvæði inni (nýtt)	Félags- aðstaða	Koma upp aðstöðu til skotæfinga í horni hússins suðvestan megin.	6	250.000					
Hurðir í húsinu þarfnast margar endurnýjunar (endurgerð)	Allt húsið	Skipta um hurðir þar sem við á.	14	1.000.000					
Útilýsing sunnan megin (endurgerð)	Úti	Skoða þarf með bættu lýsingu við suðurenda.	10	200.000					
Laga bílastæði. Stórar sigdældir á nokkrum stöðum (endurgerð).	Úti	Fylla upp í dældir og malbika að nýju.	Lokið						
Laga kanta á bílastæði.	Úti	Kantur víða brotinn.	11	1					Kostnaður ekki þekktur.
Sæti	Keppni	Sæti í hluta stúku	15	1.000.000					

Battar og rúður umhverfis sveil (endurgerð)	Sveil	Núverandi battar uppfylla ekki lengur kröfur og það gera rúður ekki heldur.	17					17.000.000	Verð á efni
Gera tvö aukahlíð fyrir varamenn (endurgerð).	Sveil	Gera þarf tvö aukahlíð fyrir varamenn til samræmis við reglur.	18				1		Hluti af 17
Sig í plötu utan sveils - mest á hefilsvæði en einnig annarsstaðar (endurgerð)	Sveil	Skoða og ákveða hvað sé heppilegast að gera.	12	750.000				10.000.000	þarf að gera úttekt. Kostnaður við hana 2018.
Leki í lagnagangi (endurgerð).	Sveil	Athuga orsakir leka í lagnagangi og koma í veg fyrir lekann.	13	750.000				10.000.000	Hefur verið skoðað. Kostnaður ekki þekktur.
Klæða stamma og rör í lagnagangi (endurgerð).	Sveil	Endurnýja þarf klæðningu.	Lokið						
Frystivélar (endurgerð).	Sveil	tilheyrandi búnaður til að frysta sveil.	Lokið						
Varmadælur (endurgerð).	Sveil/loftgæði	Nýta varma til upphitunar lofts.	D		1				
Lofþurrkun (nýtt).	Lofþurrkun	Lofþurrkun vantar í húsið og þar er of mikill loftraki - hægt að spara verulega í orkukostnaði.	A		1				

Loftræsting í sal (endurgerð).	Loftgæði	Of kalt er í húsinu því hitinn leitar upp í mæni. Færa þarf loftstokka neðar.	B	1				
Loftræsting í nýrri búningaklefum (endurgerð).	Loftgæði	Bora göt og bæta við stökkum.	C	1				
Ljós fyrir aftan mörkin við keppniskluku (endurgerð).	Keppni	Skoða þarf sjálfvirkan búnað fyrir þetta.	24		500.000			
Ný markatafla/skjáir og búnaður (endurgerð/nýtt).	Keppni	Markatafla er komin til ára sinna og erfitt orðið með viðhald og því þarf að huga að endurnýjun. Æskilegt að það sé skjár sem nýtist þá báðum greinum.	23		5.000.000			
Aðstaða dómara í listhlaupi (nýtt).	Keppni	Framtíðarlausn vegna aðstöðu dómara í listhlaupi. Pallar til að dómaraar sitji hærra, borð og stólar.	21		300.000			
Stúka af varamannabekki (nýtt).	Keppni	Stúka varamannabekki af frá hvor öðrum.	19		150.000			
Gólfúkur á varamannasvæði	Keppni	Dúkur orðinn lélegur á svæði við varamannabekki.	20		150.000			

Fjölmíðlaaðstaða (nýtt).	Keppni	Koma fyrir palli fyrir ljósmyndara/lýsendur	22	150.000								
Gólf yfir svell (nýtt)	Svell	Kaupa gólf til að setja yfir svell. Eykur nýtingarmöguleika hússins og er orkusparandi ef starfsemi liggur niðri um tíma en svellið er á.	28					30.000.000				
Æfingasvell/Skáli/Pavillion (nýtt)		Yfirbyggt svell sem mætti nýta fyrir uppákomur á sumrin.	29									Skoða til lengri tíma
Rými á annari hæð í gamla húsi (nýtt)	Félagsaðstaða	Nýta rými á annarri hæð í gamla húsi fyrir veitinga- og félagsaðstöðu.	30									Skoða til lengri tíma
Samtals			*	14.150.005	55.250.000	50.500.000	51.000.000	47.000.001				